



Ægisgarður

Ægisgarður er spennandi veislusalur og brugghús staðsett úti á Granda við Reykjavíkurhöfn. Gott og auðvelt aðgengi er að húsinu og gnógt bílastæða. Salurinn er mjög rúmgóður með mikilli lofthæð og tekur um 125 manns í sitjandi borðhald og 175 í standandi veislur og móttökur. Inn af salnum er verið að setja upp brugghús þar sem bjór hússins verður bruggaður. Áætlað er að bruggun verði komin í gang sumarið 2016.

Í salnum er skjávarpi og tjald, hljóðkerfi fyrir tal og tónlist, þráðlaus nettenging, þráðlaus hljóðnemi og allar tengingar. Einnig getum við aðstoðað við að útvega önnur tæki og búnað sem hópurinn kann að þurfa.

Umsjónarmaður fylgir salnum sem aðstoðar við uppröðun og frágang. Ægisgarður leggur til þjónustufólk í sal, barþjóna og dyraverði eftir þörfum og umfangi veislunnar. Sé um fundi/ráðstefnur að ræða er starfsfólk í lágmarki. Öll laun starfsmanna, fyrir utan umsjónarmann, eru til viðbótar við salaleigu. Þrif á salnum fylgja einnig með salaleigunni.

Ægisgarður er líka bjórsetur og vínhus. Þar erum við oft með kynningar á bjór, léttvínunum, viskí og kaffi. Sérfræðingar í þessum veigum starfa hjá húsinu og við myndum tvímælalaust mæla með því að hafa einn af þeim sem gestgjafa frá okkur. Þeir myndu spjalla við bjóráhugamenn og konur um það sem er á boðstólnum og mæla með bjór og víni fyrir þá sem hafa áhuga á að vita meira. Þetta hefur ætíð þótt til fyrirmyndar og vel heppnað, og setur sérlega skemmtilega stemningu á kvöldið.



Við erum ætíð til í að hjálpa til eins og mikið og fólk vill við skipulagningu á kvöldinu. Við getum hjálpað til við að útvega mat, veislustjórn, skemmtiatriði og bara allt sem hugurinn girnist. Endilega setjið fram hugmyndir að ykkar fullkomna kvöldi og við hjálpum ykkur að gera það að raunveruleika.

Kom og ver glaðr!

info@aegisgardur.is

+354 552 7872

Eyjarlóð 5

